



Heiti áfanga: Fjölmiðlafræði

Áfanganúmer: FÉLA3FJ05

Prep: 3

Fyrir hvaða bekk: val fyrir F og N

Aðili sem kynnir áfanga:

Lýsing: Saga fjölmiðlunar er kynnt og fjallað er um margvísleg áhrif fjölmiðla á samfélagið og hlutverk þeirra í félagsmótun einstaklinga. Lögð er áhersla á fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem nemendur vinna sitt eigið fjölmiðlaefni í ólíku miðlunarformi. Nemendur séu færir um að greina áhrif fjölmiðla og tileinki sér aðferðir við frétt- og greinaskrif. Varpað er ljósi á ólík störf og fjölbreytta starfsmöguleika innan fjölmiðla og fjölmiðlafyrirtæki heimsótt. Fjallað er um aukið vægi samfélagsmiðla sbr. facebook, twitter og youtube og rætt um áhrif þess og afleiðingar. Eignarhald, ábyrgð og siðferðileg álitamál eru tekin til umfjöllunar. Rýnt er í birtingarmyndir ólíkra hópa í fjölmiðlum (feitir, múslimar, fatlaðir, unglingar o.fl.) og hvernig fjölmiðlar hafa hlutverki að gegna fyrir réttindabaráttu ýmissa hópa.

Markmið:

- Læra grunnhugtök fjölmiðlafræðinnar.
- Skilja eðli og hlutverk fjölmiðla.
- Átta sig á ólíkum miðlunarleiðum.
- Greina áhrif fjölmiðla og vægi þeirra sem fjórða valdið.
- Sjá fjölmiðla í gagnrýnu ljósi og geta lagt hlutlaust mat á þá.
- Æfa sig í því að miðla upplýsingum, t.d. að búa til auglýsingar, semja frétt, setja upp tímarit, gera heimasíðu o.fl.

Námsefni: valdir bókarkaflar, netmiðlar, kvikmyndir og heimildamyndir.

Meðal áhugaverðra spurninga:

- Er ritmálið dauður miðill sem mun víkja fyrir myndböndum?
- Hvað ræður því hvað ratar í fréttirnar? Af hverju sjáum við svona mikið af neikvæðum fréttum?
- Hvernig eru fjölmiðlar nýttir við markaðssetningu - hvernig er t.d. góð auglýsing?
- Hvernig má nýta sér áhrifamátt fjölmiðlanna til að koma boðskap á framfæri? T.d. í tengslum við mannréttindabaráttu eða fræðslu.
- Hvar liggur siðferðileg ábyrgð fjölmiðla?
- Hvaða lög gilda um fjölmiðla og hvernig eru þau mismunandi á milli landa?

Forkröfur:

Námsmat: